



Golfklúbbur Skagafjarðar

Ársskýrsla 2024



Efnisyfirlit

Skýrsla formanns.....	2
Skýrsla mótanefndar	5
Skýrsla vallarnefndar 2024.....	8
Skýrsla barna-og unglínganefndar GSS 2024	9
Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar	12
Skýrsla undirbúningsnefndar um byggingu golfskála	13
Stjórn og nefndir 2024	15
Lög Golfklúbbs Skagafjarðar	30

Skýrsla formanns

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2024 skipuðu: Róbert Óttarsson formaður, Aldís Hilmarsdóttir varaformaður, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Hanna Dóra Björnsdóttir formaður mótanefndar, Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður barna- og unglínganefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar og Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar.

Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason og honum til aðstoðar var Hlynur Einarsson.

Golfárið 2024 var mjög áhugavert ár hjá GSS. Félagatalið okkar fór í fyrsta skipti yfir 300 skráða félagsmenn, sem er alveg magnað. En það er yfir 10% fjölgun frá fyrra ári.

Að vanda hefur nýtingin á vellinum verið góð og mikill fjöldi gesta hefur heimsótt okkur. Almenn ánægja var með svæðið okkar, sem þurfti að glíma við nokkuð erfitt verkefni í sumar þ.e. frekar dapurlegt veður, snjó í júní og mikla bleytu í framhaldinu.

Völlurinn opnaði um mánaðamótin apríl/maí. Þegar völlur var við það að ná sér eftir veturinn þá skall á okkur snjócoma og í framhaldinu þegar loksins hlýnaði flæddi vatn yfir svæðið. En þrátt fyrir vandræði þá var völlurinn í heild mjög góður, flatirnar á vellinum voru heilt yfir frábærar og brautirnar að vanda góðar.

Rekstur klúbbsins er mjög ásættanlegur eins og sjá má á rekstartölunum. Þegar klúbbur eins og GSS dafnar jafn vel og hann gerir þá þarf að huga að mörgum hlutum. En þar er GSS mjög heppið. Því klúbburinn býr að af því að vera með einstakt starfsfólk sem er vakið og sofið yfir starfseminni. Barna- og unglíngastarfið er til fyrirmyndar á landvísu og stjórnað af metnaðarfullum yfirþjálfara sem hefur skilað sér í frábærum árangri yngri klúbbfélaga ásamt því að aukinn fjöldi fólks skráir sig í klúbbinn eftir að hafa t.d. komið á nýliðanámskeið.

Félagsstarfið er til fyrirmyndar hjá GSS. Áfram þarf að byggja á því góða starfi sem unnið hefur verið að til fjölda ára. Vekja athygli á þessu flotta útivistarsvæði sem golfvöllurinn er. Fram undan eru spennandi tímar með krefjandi áskoranir í ört vaxandi starfsemi klúbbsins okkar. Eitt af stærstu samfélagsverkefnum sem klúbburinn tók þátt í var Umhverfisdagur FISK. Þátttaka okkar félaga var með ólíkindum góð og tókst dagurinn frábærlega.

Starfsmenn

Guðmundur Þór Árnason og Hlynur Freyr Einarsson vallarstjórar unnu frábærlega úr þeim aðstæðum sem náttúran bauð uppá ásamt vallarstarfsmönnum en það voru þeir Hákon Ingi Rafnsson, Markús Máni Gröndal, Brynjar Guðmundsson og Tómas Bjarki Guðmundson. Atli Freyr Rafnsson PGA nemi sá um þjálfun barna og unglínga. Aðstoðarþjálfarar voru Gígja Rós Bjarnadóttir og Dagbjört Sísí Einaradóttir.

Verslunarstjóri í skála var Karen Lilja Owolabi. Hún sá um mönnun vakta, innkaup, uppgjör, þrif o.fl. Einnig voru margir ótaldir sjálfboðaliðar sem unnu mikið og gott starf í þágu klúbbsins þetta starfsár.

Þjálfun

Atli Freyr Rafnsson, verðandi PGA þjálfari, sinnti barna – og unglíngastarfi í sumar. Honum til aðstoðar voru þær Dagbjört Sísí og Gígja Rós. Barna – og unglíngastarfi klúbbsins var til mikillar fyrirmyndar í sumar og var árangur góður. Nýliðanámskeiðið gekk einnig vel og var mjög góð þátttaka að vanda. Óhætt er að

segja að framtíð klúbbsins sé björt hjá okkur í klúbbum og tækifærin til enn frekari þróunar og bætingar mörg.

Skálinn

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglinga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Sjoppa var opin í sumar frá kl. 10:00 – 18:00 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin. Því miður verður að segjast að þessi aðstaða okkar er orðin mjög þreytt þrátt fyrir mikla jákvæðni og þolinmæði klúbbfélaga. Völlurinn var vel sóttur í sumar. Bókaðir hringir voru 9.820 talsins á tímabilinu maí – september. 5.112 af þessum hringjum voru leikhringir en 4.708 voru mótshringir. Það má lesa í þessar tölur að völlurinn hafi verið nokkuð vel notaður en einnig að félagsmenn hafi brugðist vel við tilmælum stjórnar um að skrá sig ávallt á rástíma. Mikilvægt er fyrir klúbbinn að sýna fram á raunverulega nýtingu á svæðinu og geta þannig rökstutt þá miklu þörf sem er á auknu fjármagni til þess að bæta aðstöðuna okkar á svæðinu.

Árshátíð

Árshátíð GSS árið 2024 var haldin á Kaffi Krók í beinu framhaldi af meistaramóti. Árshátíðin tókst vel og allir skemmtu sér vel og fallega saman. Meistarar GSS þetta árið eru þau Anna Karen Hjartardóttir og Jóhann Örn Bjarkason.

Íslandsmót

Karla - og kvennasveit klúbbsins kepptu á Íslandsmóti golfklúbba í sumar. Árangur beggja sveita var algerlega til fyrirmyndar og vakti verðskuldaða athygli. Kvennasveit GSS stóð sig frábærlega á Íslandsmóti golfklúbba 1. deildar í sumar sem fram fór á Strandarvelli á Hellu. Sveitin lenti í 7. sæti og hélt sæti sínu enn og aftur í efstu deild. Sveitina skipuðu: Anna Karen Hjartardóttir, Árný Lilja Árnadóttir, Dagbjört Sísí Einarsdóttir, Gígja Rós Bjarnadóttir, Halldóra Andrésdóttir, Hildur Heba Einarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Telma Ösp Einarsdóttir. Liðsstjóri var Árný Lilja Árnadóttir.

Karlasveit GSS fór einnig á Íslandsmót golfklúbba og keppti í 2. deild karla í sumar sem fram fór í Vestmannaeyjum. Sveitina skipuðu: Atli Freyr Rafnsson, Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Ingvi Þór Óskarsson, Jóhann Örn Bjarkason, Tómas Bjarki Guðmundsson, Þórleifur Karlsson og Brynjar Örn Guðmundsson. Liðsstjóri var Andri Þór Árnason. Sveitin stóð sig með þryði en lenti í 8. sæti og spilar því í 3. deild að ári.

Kvennamót

Kvennamótið er frábært framtak og hvatning til allra kvenna til þátttöku í því góða starfi sem fram fer í klúbbum. Kvennamót GSS fór fram á Hlíðarendavelli laugardaginn 29. júní. Á mótinu spilaði 51 kona víðsvegar af landinu. Glæsilegt vinningahlaðborð var í boði fyrirtækja í Skagafirði. Stjórn klúbbsins sendir bestu þakkir til allra styrktaraðila, þátttakenda og GSS kvenna sem sáu um skipulagningu og framkvæmd mótsins.

Golfhermir

Golfhermirinn eða aðstaða hans hefur heldur betur verið tekin í gegn. Búið er að uppfæra allan búnað og bæta aðstöðuna til muna. Það var hópur af frábærum félögum sem hafa unnið magnað sjálfboðastarf. Blómlegt starf hefur einnig verið á Flötinni sem væri mögulegt að auka enn fremur.

Stuðningsaðilar

Sveitarfélagið Skagafjörður styður vel við GSS. Í dag eru í gildi þrjú samningar við sveitarfélagið. Í fyrsta lagi er um að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og í þriðja lagi samning um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki. AVIS var einnig styrktaraðili við klúbbinn annað árið í röð, núgildandi styrkur stækkaði nokkuð vel fyrir yfirstandandi tímabil og vonandi mun AVIS halda áfram samstarfi. FISK kom veglega að stuðningi við klúbbinn m.a. með stuðningi tveggja móta, Opna FISK mótinu og að FISK móti unglíngamótaraðarinnar. Mörg góð fyrirtæki styðja þar að auki við klúbbinn með ýmsum hætti. Fyrir hönd GSS þakka ég sveitarfélaginu, fyrirtækjum og stofnunum kærlega fyrir stuðninginn á árinu.


Lokaorð

Golfklúbburinn okkar er frábær félagsskapur með frábæra aðstöðu fyrir iðkendur, fyrirmyndar barna-og unglíngastarf ásamt því að vera með yndislega félaga sem allt vilja gera til að starfsemi klúbbsins þrífist sem best. Því hafa ber í huga að GSS er fyrst og fremst keyrður áfram að ástríðu og sjálfböðavinnu það er ómögulegt að reka GSS án allra þeirra sem leggja til vinnu fyrir klúbbinn við ýmis störf, stór sem smá.

Það hefur verið mikil heiður að vera formaður í GSS síðustu 2 árin og mun ég klárlega vilja halda áfram að vinna fyrir klúbbinn á hvaða vettvangi sem ég get. Einnig hvet ég alla sem vilja að vera ekki feimin við að bjóða fram krafta sína. Því vil ég þakka öllum sem hafa hjálpað okkur í gegnum tíðina, starfsmönnum og sjálfböðaliðum. Einnig vil ég þakka því frábæra fólki sem hefur verið í stjórn klúbbsins síðustu árin og um leið óska þeim sem munu starfa áfram í stjórn velfarnaðar í því starfi. Höldum áfram að byggja upp þennan frábæra klúbb og vinna að því saman að gera enn betur fyrir klúbbinn okkar.

Gleðilegt nýtt golfár.

Róbert Óttarsson



Mynd: Golf.is

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd: Hanna Dóra Björnsdóttir formaður, Halldóra Andrésdóttir Cuyler, Hákon Ingi Rafnsson, Hildur Heba Einarsdóttir, Kristinn Brynjólfsson og Arnar Skúli Atlason.

Sumarið 2024 voru haldin 37 mót á Hlíðarendavelli hjá Golfklúbbi Skagafjarðar. Fjöldi skráðra var samtals 1255 sem er smávægileg aukning, tæplega hundrað fleiri en frá fyrra ári (1152). Mótanefndin stóð fyrir 22 mótum af þessum 37 með 792 skráningar sem er nánast á pari við skráningar árið áður (798). Önnur 15 mót voru í umsjá annarra eins og Hard Wok mótaroðin sem nýliðanefnd sá um og unglíngamótin sem haldin voru á vegum barna- og unglínganefndar.

Yfirlit yfir mótin á Hlíðarendavelli sumarið 2024:

Dags:	Mót 2024 á Hlíðarendavelli:	Þátttakendur:
28. maí	Rafræn skorkort - æfingamót	28
1. júní	Opna KS mótið Texas Scramble	48
11. júní	Hard Wok háförgjafamót 2	23
12. júní	Esju mótaroðin 1	35
15.-16. júní	Opna FISK mótið	40
18. júní	Hard Wok háförgjafamót 3	31
18. júní	Atrix	25
19. júní	Esju mótaroðin 2	22
22. júní	Opið minningarmót GSS	19
25. júní	Hard Wok háförgjafamót 4	21
26. júní	Esju mótaroðin 3	33
29. júní	Opna kvennamót GSS 2024	51
1. júlí	Vanur / óvanur	38
1.-6. júlí	Meistaramót GSS 2024	81
9. júlí	Hard Wok háförgjafamót 5	35
10. júlí	Esju mótaroðin 4	35
13. júlí	Opna Hlíðarkaupsmótið	45
16. júlí	Hard Wok háförgjafamót 6	32
17. júlí	Esju mótaroðin 5	41
21. júlí	Opna Jómfrúarmótið / British Open	33
23. júlí	Hard Wok háförgjafamót 7	21
30. júlí	Hard Wok háförgjafamót 8	17
31. júlí	Esju mótaroðin 6	41
3. ágúst	Opna Steinullarmótið 2024	64
6. ágúst	Hard Wok háförgjafamót 9	25

7. ágúst	Esju mótaröðin 7	35
8. ágúst	Styrktarmót fyrir Önnu Karen	40
11. ágúst	Norðurlandsmótaröðin 9 og 18 holur Titleist Footjoy	37
13. ágúst	Hard Wok háförgjafamót 10	24
14. ágúst	Esju mótaröðin 8	35
16. ágúst	Opna AVIS mótið - FRESTAÐ!	0
20. ágúst	Hard Wok háförgjafamót 11	42
21. ágúst	Esju mótaröðin 9	22
25. ágúst	Opna Advania mótið 2024	24
28. ágúst	Esju mótaröðin 10	28
júlí-ágúst	Holukeppni GSS 2024	32
30. ágúst	FISK mótið - unglíngamótaröðin	40
21. sept	Snæríslleikur GSS - 9 holur	12
	Samtals:	1255

Úrslit allra móta má sjá á golf.is

Veðurskilyrði voru á köflum krefjandi og óhagstæð til mótahalds. Af þeim ástæðum hófst miðvikudags mótaröðin viku síðar en til stóð. Það þurfti að fresta mótum en þegar upp var staðið var það einungis eitt mót sem ekki náðist að halda (AVIS mótið). Í mótaröðinni sem styrkt var af Esju gæðafæði var keppt í þremur flokkum, punktkeppni karla og kvenna með forgjöf auk punktkeppni án forgjafar í opnum flokki. Mótaröðinni var slúttað með pizzaveislu og verðlaunaafhendingu á Kaffi Krók. Sigurvegarar mótaraðar voru Halldóra Andrésdóttir Cuyler (kvennaflokkur), Brynjar Morgan Brynjarsson (karlaflokkur), Hákon Ingi Rafnsson (opinn flokkur án. fgj.) og Eyþór Ernir Oddsson (besta hola).

Meistaramót GSS fór fram dagana 1.-6. júlí þar sem keppt var í flokkum barna og fullorðinna. Þátttakan var góð en 81 kylfingur tók þátt. Lokahóf og verðlaunaafhending fullorðinsflokka fór fram á Kaffi Krók. Klúbbmeistarar 2024 eru Anna Karen Hjartardóttir og Jóhann Örn Bjarkason.

Holukeppnin fór fram með breyttu sniði í sumar en keppni hófst í 4 manna riðlum. Alls voru þátttakendurnir 32 og því 8 manns sem komust áfram í hefðbundnar útsláttar viðureignir. Sigurvegari holukeppninnar 2024 er Rafn Ingi Rafnsson.

Mótanefnd hóf innleiðingu í lok maí á rafrænni skorskráningu með undirritun í Golfbox með vel sóttu æfingamóti og var hún notuð í öllum mótum sumarsins. Breytingin gekk vonum framar og er mikil framför við mótahaldið.



Vallarmet var slegið tvívegis í sumar. Hákon Ingi Rafnsson (GSS) setti vallarmet á gulum teigum þann 17. júlí í 5. móti Esju mótaraðarinnar er hann lék á 70 höggum (-2). Það met var síðan slegið í lok sumars af Arnari Daða Svavarssyni (GKG) í FISK móti unglíngamótaraðar, 1. september en Arnar Daði lék á 69 höggum (-3).

Mótanefnd þakkar styrktaraðilum fyrir dyggan stuðning, án þeirra væri GSS ekki kleift að halda úti metnaðarfullri mótadagskrá. Flestallir stuðningsaðilanna okkar hafa stutt okkur rausnarlega ár eftir ár og er það ómetanlegt. Ykkur félagsmönnum sem og öðrum gestum viljum við þakka góða þátttöku og drengilega keppni. Það er ásókn í mót á Hlíðarendavelli og fyrir kom að færri komust að en vildu. Það varð uppselt í mót og fólk skráði sig á biðlista. Starfsmönnum á golfvöllinum og í skála er þakkað fyrir góða vinnu og gott samstarf sem og sjálfboðaliðum sem veittu liðsinni við mótahald og dómgæslu.

Klúbburinn býr vel að fimm félagar hafa dómararéttindi (héraðsdómara) en það er alltaf pláss fyrir fleiri í þeim hópi. Þeir sem áhuga hafa ættu endilega að kynna sér málið og taka námskeið næsta vor.

Að lokum eru allir félagar hvattir til að taka frá dagana 7.-12. júlí næsta sumar fyrir Meistaramót GSS 2025.

F.h. mótanefndar,

Hanna Dóra Björnsdóttir

Skýrsla vallarnefndar 2024

Sumarið í sumar einkenndist af mikilli bleytu og var ástandið á vellinum eftir því og muna elstu menn ekki eftir öðru eins ástandi. Fór því mikill tími í að reyna að hemja vatn.

Helstu framkvæmdir á vellinum í sumar voru eftirfarandi:

Á 1. braut var hleypt inn á endurbættan rauðateiginn. Dammur dýpkaður norðan við brautina, fyllt í með drenmöl og gerð yfirfallsrás úr dammi.

Á 2. braut voru báðir teigar byggðir upp og verður opnað inn á þá næsta sumar, fer eftir tíðarfari.

Á 5. braut var grafinn drengurður þvert yfir brautina og leytt í skurðinn norðan við hana.

Á 7. braut voru byggðir upp báðir teigar og verða þeir tilbúnir næsta sumar, fer að vísu eftir tíðarfari.

Á 8. braut var sandgryfjan framan við flötina löguð.

Á 9. braut var gerð tilraun til að þurrka hvamminn efst á brautinni og leytt í 90mm röri til Erlu og vonumst við til að þetta verði til bóta. Þetta var mikil aðgerð og þónokkuð rask. Einnig voru grafnir skurðir norðan við rauðateiginn til að ná að hemja vatnsflauminn.

Síðan var grafin rás með veginum svo að vatnið renni ekki allt á honum.

Smíðaðir voru færarlegir teigar sem eiga vonandi eftir að nýtast okkur í mörg ár þegar það þarf að hlífa teigum eða þeir eru í viðhaldi.

Annars gekk árið bara vel og erum við mjög heppin með starfsfólk sem vinnur af mikilli natni og samviskusemi á vellinum undir dyggri stjórn Muggs. Ég þakka þeim fyrir þeirra framlag og einnig þeim klúbbfélögum sem komu og hjálpuðu til við hin ýmsu störf.

Fyrir hönd vallarnefndar Guðmundur Ágúst Guðmundsson

Skýrsla barna-og unglínganefndar GSS 2024

Í barna- og unglínganefndinni árið 2024 störfuðu Eypór Oddsson, Guðmundur K Hermundsson, Sólborg S. Borgarsdóttir og Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður.

Æfingar barna hófust í nóvember, en það var Tómas Bjarki sem sá um golfkennsluna undir leiðsögn Atla Freys Rafnssonar. Æfingar voru einu sinni í viku út maí eða þangað til sumarstarfið hófst. Golfskólinn hófst svo í byrjun júní en Atli Freyr Rafnsson sá um golfkennslu og þjálfun allra barna frá 6 ára aldri. Honum til aðstoðar í sumar voru Dagbjört Sísí Einarisdóttir, Gígja Rós Bjarnadóttir og Tómas Bjarki Guðmundsson. Um 50 börn og unglíngar stunduðu golfæfingar í sumar í lengri eða skemmri tíma og var oft mjög líflegt á vellinum. Krakkarnir voru mjög duglegir að taka þátt í þeim mótum sem klúbburinn hélt í sumar og voru oft í verðlaunasætum. Brynjar Morgan varð t.d. stigahæstur á Esju mótariðinni.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 11. ágúst og voru þátttakendur frá Akureyri, Dalvík og Fjallabyggð auk okkar barna. Nýprent mótið var fjórða og síðasta mót sumarsins í Norðurlandsmótariðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GA, GHD, og GFB. Í sumar átti GSS alls 15 keppendur í mótariðinni og stóðu þau sig öll með þryði. GSS átti 4 stigameistara í mótariðinni, en það voru þau Dagbjört Sísí í hópi 15-18 ára stúlkna, Gígja Rós í hópi 13-14 ára stúlkna, Brynjar Morgan í hópi 12 ára og yngri drengja og Nína Morgan í hópi 12 ára og yngri stúlkna.

GSS sendi tvær drengjasveitir (Gul sveit og Hvít sveit) og eina stúlknasveit (Blá sveit) á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri sem var haldið hjá GKG, GK og GR dagana 25.-27. Ágúst.

Gulu sveitina skipuðu Brynjar Morgan, Gunnar Atli, Karl Goðdal, Ólafur Bjarni, Sigurbjörn Darri og Víkingur Týr.



Hvítu sveitina skipuðu þau Daníel Smári, Davíð Örn, Haukur, Orri og Björn Henry.



Bláu sveitina skipuðu þau Nína Júlía, Nína Morgan, Fanndís Vala og Bergdís Birna.



Liðsstjórar voru Atli Freyr, Tómas Bjarki og Gígja Rós. Krakkarnir stóðu sig öll mjög vel og varð Hvíta sveitin í öðru sæti í sínum riðli. Allir krakkarnir voru klúbbnum sínum til mikilla sóma bæði innan vallar sem utan.

Íslandsmót barna og unglunga var haldið dagana 16.-18. Ágúst en GSS átti 5 keppendur á mótinu. Það voru þau Dagbjört Sísí Einarsdóttir og Tómas Bjarki Guðmundsson sem kepptu á Hlíðavelli í Mosfellsbæ í aldursflokknum 15-18 ára. Brynjar Morgan Brynjarsson, Gígja Rós Bjarnadóttir og Sigurbjörn Darri Pétursson kepptu á Nesvellinum á Seltjarnarnesi í aldursflokknum 14 ára og yngri.

FISK mótið - unglungamótaröðin 15-18 ára fór fram helgina 30. ágúst - 1. sept en 40 unglingar tóku þátt í mótinu. Þetta er í fyrsta skipti sem stigamót unglunga fer fram á Hlíðarendavelli. Það var virkilega gaman að taka á móti ungu kylfingunum og heyra þeirra upplifun af því að spila völlinn. Mörgum þótti völlurinn skemmtilegur en miklu meiri áskorun heldur en þeir bjuggust við. Aðstæður voru krefjandi fyrir kylfinga í sunnan hvassviðri og fór svo að hætta þurfti leik á föstudag.

Það er skemmtilegt að segja frá því að á mótinu var sett **nýtt vallarmet á Hlíðarendavelli á gulum teigum**. Það gerði Arnar Daði Svavarsson (GKG) en hann lék á 69 höggum, eða 3 höggum undir pari vallarins.

Í sumar tók Dagbjört Sísí þátt í unglungamótaröð 15-18 ára. Mótaröðin er stigamót þar sem keppt var í sjö mótum. Dagbjört Sísí stóð sig mjög vel á þessum mótum og endaði sumarið í 10. sæti stigalistans.

Meistaramót GSS var haldið dagana 3-4. Júlí.

Krakkarnir kepptu í þremur flokkum: 12 ára og yngri; Drengir 15 ára og yngri; Stúlkur 15 ára og yngri.

Alls tóku 28 krakkar þátt og voru úrslit eftirfarandi:

12 ára og yngri. Spiluðu 2 daga á gullteigum. Alls kepptu 17 börn í þeim flokki og voru 3 efstu sem hér segir:

1. Daníel Smári Kristjánsson
2. Arnór Tryggvi Friðriksson
3. Aron Sölvi Arnarson

U15 drengir spiluðu 2 daga á rauðum teigum þar voru 7 keppendur og 3 efstu voru

1. Ólafur Bjarni Þórðarson
2. Brynjar Morgan Brynjarsson
3. Gunnar Atli Þórðarson

U15 Stúlkur spiluðu 2 daga á rauðum teigum þar kepptu 4 stúlkur og voru úrslit eftirfarandi

1. Nína Júlía Þórðardóttir
2. Nína Morgan Brynjarsdóttir
3. Elín Björk Friðjónsdóttir
4. Fanndís Vala Sigurðardóttir

Að auki tóku 4 unglingar þátt í meistaramóti fullorðinna og stóðu þau sig öll mjög vel

Meistaraflokkur kvenna

Dagbjört Sísí Einarsdóttir

Meistaraflokkur karla

Tómas Bjarki Guðmundsson

1.flokkur Kvenna

Gígja Rós Bjarnadóttir

1.flokkur Karla

Markús Máni Gröndal Þorvaldsson

F.h. barna- og unglinganefndar

Unnur Ólöf Halldórsdóttir

Myndir: Sýlvía Dögg Þórðardóttir

Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar

Nefndina skipuðu Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Díana Dögg Hreinsdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Helga Daníelsdóttir.

Við byrjuðum sumarið á því að halda nýliðanámskeið sem Atli Freyr Rafnsson og Tómas Bjarki Guðmundsson sáu um og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Góð þátttaka var á nýliðanámskeiðinu en 22 voru skráðir. Í lok námskeiðsins héldum við vanur/óvanur mót sem tókst mjög vel sem og endranær. Það er frábært að sjá og finna hversu auðvelt það er að fá vana kylfinga í klúbbum okkar til að taka þátt og spila með nýliðunum og fyrir það ber svo sannarlega að þakka. Eftir mótið var boðið upp á pitsur og franskar frá Hard Wok. Leikfyrirkomulagið í mótinu var þannig að báðir aðilar tóku upphafshögg, betri boltinn var valinn og síðan var slegið til skiptis þar til boltinn var kominn ofan í holuna. Sigurvegarar í mótinu voru Ragnar Þór Jónsson og Guðmundur Ágúst Guðmundsson, í 2. sæti voru Íris Ósk Elefsen og Brynjar Örn Guðmundsson og í 3. sæti voru Ingvar Egill Vignisson og Halldóra Andrésdóttir.

Helsta verkefni nefndarinnar er að sjá um Hard Wok háförgjafarmótin. Haldin voru 10 mót sem Hard Wok styrkti með miklum myndarskap og þökkum við kærlega fyrir það. Það voru 8 mismunandi sigurvegarar í mótunum 10. Þeir voru; Kristinn Brynjólfsson, Hannes Ingi Másson, Nína Morgan Brynjarsdóttir, Hera Birgisdóttir, Bertel Benóný Bertelsson og Brynjar Morgan Brynjarsson. Guðlaugur Skúlason og Grétar Freyr Pétursson sigruðu síðan í 2 mótum hvor. Spilamennskan í mótunum var oft á tíðum frábær, sigurvegarinn var alltaf með 20 punkta eða meira og oft voru mun fleiri en vinningshafinn á svipuðum stað. Boðið var upp á vöflur eftir eitt mótið og eftir síðasta mótið var boðið upp á frábæran mat frá Hard Wok. Í eftirrétt var síðan mjög girnileg og góð marengsterta sem Guðrún Björg Guðmundsdóttir átti heiðurinn af.

Þátttakan í mótunum í ár var mjög góð eins og hún hefur verið undanfarin ár. Aðeins einu sinni voru þátttakendur undir 20, þrisvar sinnum voru fleiri en 30 skráðir til leiks og í lokamótinu voru 42 sem tóku þátt. Margir voru að taka þátt sínu fyrsta háförgjafarmóti og það er alltaf gaman að taka á móti nýjum þátttakendum sem bætast í frábæran hóp sem fyrir er. Við héldum áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem heilu fjölskyldurnar eru stundum að taka þátt saman og svo er einnig gott fyrir nýliða að spila með þeim sem eru reynslumeiri. Jú, maður lærir oft af þeim sem betri eru.

Þetta var gott golfsumar, þó að veðrið hafi oft ekki verið eins gott en fólk lét það ekki hafa nein áhrif á sig. Í sumar sýndu allir glæsileg tilþrif og margir voru að bæta sig mjög mikið í öllum þáttum golfsins. Þó að golfið hafi ekki alltaf verið upp á 10, þá nutu þess allir að spila í góðum félagsskap. Við erum spennt að sjá hvað næsta golfsumar býður okkur upp á.

F.h. Nýliða- og kynningarnefndar

Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Skýrsla undirbúningsnefndar um byggingu golfskála


Andri Þór Árnason, Herdís Á. Sæmundardóttir og Kristján B. Halldórsson tóku að sér eftir aðalfund í nóvember 2023 að sitja í undirbúningshóp í upphafi árs 2024 til að kanna möguleika á því að reisa nýjan golfskála GSS. Þeim til aðstoðar hafa verið þeir Guðmundur Ragnarsson og Þórður Karl Gunnarsson.

Nefndin fundaði fór í gagnaöflun og þarfagreiningu þar sem meðal annars var haldin fundur með Golfklúbbi Húsavíkur en þeir kláruðu á síðasta ári byggingu á glæsilegum golfskála á Húsavík.

Unnið var upphaflega út frá þeirri hugmynd að byggja nýjan skála sem tæki yfir alla starfsemi klúbbsins þar sem öll starfsemi hans væri á einum stað. Það fæli í sér að selja Borgarflötina og færa allt vetrarstarf í nýjan skála. Eftir þarfagreiningu og samtöl við barna- og unglingaráð var talið að ekki væri heppilegt að vera með vetrarstarfsemi upp á Nöfum. Lýsing á leið, snjómokstur og fjarlægð við byggð voru ástæður fyrir því að nefndin féll frá þeirri tillögu.

Stærð og staðsetning

Tillaga starfshópsins er stærð skálans verði 200 fermetrar og hann verði staðsettur á svipuðum stað og núverandi skáli. Væntanlegur skáli er talsvert stærri en núverandi skáli. Nákvæma staðsetningu þarf að bera undir félagsmenn.



Kostnaður og fjármögnun

Áætlaður byggingakostnaður 200 fm skála er 140 milljónir. Áætlaðar fjármögnunarleiðir eru:

- beinir fjárstyrkir frá fyrirtækjum
- styrkur frá sveitarfélagi
- sjálfboðaliðavinna félagsmanna og aðrir styrkir

Næstu skref

Gangi ofangreind fjármögnun eftir eru næstu skref að stjórn GSS gangi frá samningum við sveitarfélag og fyrirtæki. Einnig þarf að fá tilboð í skálann. Við mælum með því að stjórn GSS skipi framkvæmdanefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmdunum fyrir hönd GSS. Við gerum ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2025, en gerum ekki tillögu um hvenær árs framkvæmdir verða.

Tvær tillögur að staðsetningu nýs skála

Tillaga 1: Nýr skáli verði byggður á sama stað og núverandi skáli er staðsettur.

Tillaga 2: Nýr skáli verður byggður austan við núverandi skála.

Sauðárkróki 25. nóvember

Andri Þór Árnason
Herdís Á. Sæmundardóttir
Kristján B. Halldórsson

Stjórn og nefndir 2024

Samþykkt á aðalfundi 21.11.2023

Formaður: Róbert Óttarsson ^(1/1)

Varaformaður: Aldís Hilmarsdóttir ^(1/2)

Ritari: Andri Þór Árnason ^(2/2)

Gjaldkeri: Kristján Eggert Jónasson ^(2/2)

Meðstj.: Hanna Dóra Björnsdóttir, formaður mótanefndar ^(2/2)

Meðstj.: Guðmundur Ágúst Guðmundsson, formaður vallarnefndar ^(1/2)

Meðstj.: Dagbjört Hermundsdóttir, formaður kynningar- og nýliðanefndar ^(1/2)

Meðstj.: Unnur Ólöf Halldórsdóttir, formaður barna- og unglinganefndar ^(2/2)

Varamenn í stjórn:

Atli Freyr Rafnsson

Hlynur Einarsson

Sigríður Elín Þórðardóttir

Mótanefnd:

Hanna Dóra Björnsdóttir, formaður

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Hákon Ingi Rafnsson

Hildur Heba Einarsson

Arnar Skúli Atlason

Kristinn Brynjólfsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, formaður

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, formaður

Reynir Barðdal

Barna- og unglinganefnd:

Unnur Ólöf Halldórsdóttir, formaður

Sólborg Borgarsdóttir

Eyþór Ernir Oddsson

Guðmundur K. Hermundsson

Nýliða- og kynningarnefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður

Díana Dögg Hreinsdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Helga Daníelsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Árný Lilja Árnadóttir, liðsstjóri kvennaliðs.

Andri Þór Árnason, liðsstjóri karlaliðs

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Pétur Friðjónsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Sigríður Ellen Arnadóttir

Lög Golfklúbbs Skagafjarðar Þannig samþykkt á aðalfundi 30.nóvember 2020.

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur Skagafjarðar. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að GSÍ og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2. grein

Við golfleik skal á svæði/velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3. grein

Félagið er öllum opið. Aðalfundi er heimilt að kjósa heiðursfélagi. Heiðursfélagi greiðir ekki árgjald.

4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

5. grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypiss aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

6. grein

Stjórn klúbbsins skipa átta einstaklingar: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og formenn mótanefndar, vallarnefndar, barna- og unglínganefndar og kynningar- og nýliðanefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, fjórir á aðalfundi 2020, þrír á aðalfundi 2021. Einnig skal kjósa þrjá varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

7. grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd út félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér.

Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

8. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglinganefnd og kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrír til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar. Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðins starfárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

9. grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

10. grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

11. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 8. grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing GSÍ og þing UMSS
8. Ákvörðun félagsgjalda
9. Önnur mál.

12. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.